



Siðareglur kjörinna fulltrúa í Grýtubakkahreppi.

1. Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttætti og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Grýtubakkahrepps. Með kjörnum fulltrúum er átt við sveitarstjórnarfulltrúa og aðra þá sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Grýtubakkahreppi.
2. Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Grýtubakkahrepps, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnsýslu og að við ákvarðanatöku ráði málefnaleg og lögmæt sjónarmið.
3. Kjörnum fulltrúum ber að gegna störfum sínum af alúð og samvirkusemi, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að axla ábyrgð á ákvörðunum sínum og rökstyðja þær. Kjörnir fulltrúar upplýsa eins og kostur er íbúa Grýtubakkahrepps um störf sín og annað sem skiptir máli í rekstri sveitarfélagsins.
4. Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Grýtubakkahrepps. Kjörnir fulltrúar sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Grýtubakkahrepps virðingu. Þeir koma fram af háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.
5. Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé.
6. Kjörnir fulltrúar gæta þagmælsku og trúnaðar um málefni sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum Grýtubakkahrepps.
7. Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna, eða annarra sem þeim eru tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Grýtubakkahrepp lýkur. Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunarárekstra í störfum síðnum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20 .gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktum Grýtubakkahrepps.
8. Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir frá íbúum og viðskiptavinum Grýtubakkahrepps, eða þeim sem leita eftir verkefnum eða þjónustu sveitarfélagsins, þannig að túlka megi sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum sveitarstjórnar eða nefnda.

9. Siðareglur þessar skulu teknar til umræðu í sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf þykir. Þær skulu síðan kynntar kjörnum fulltrúum í nefndum og ráðum.

10. Skrifstofa Grýtubakkahrepps kynnir siðareglurnar fyrir starfsmönnum og íbúum Grýtubakkahrepps.

